

AUGLÝSING

um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, nr. 1094/2016.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi greiddar 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum 4. gr. og að teknu tilliti til áhrifa tekna samkvæmt 5. gr. reglna þessara.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 90.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

3. gr.

3. mgr. 4. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings sé að lágmarki 40.000 kr. á mánuði. Ef húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til húsnæðisbóta er undir 40.000 kr. á mánuði er sérstakur húsnæðisstuðningur ekki greiddur.

4. gr.

4. mgr. 4. gr. reglnanna fellur brott.

5. gr.

3. mgr. 5. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilismanna	Neðri tekjumörk á ári, kr.	Efri tekjumörk á ári, kr.	Neðri tekjumörk á mánuði, kr.	Efri tekjumörk á mánuði, kr.
1	3.373.000	4.216.250	281.083	351.354
2	4.461.064	5.576.330	371.755	464.694
3	5.222.710	6.528.388	435.226	544.032
4 eða fleiri	5.657.936	7.072.420	471.495	589.368

6. gr.

Við reglurnar bætist svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:

III

Breytingar á 1. mgr. 4. gr. reglna þessara varðandi stuðul til útreiknings sérstaks húsnæðisstuðnings og breytingar á 3. mgr. 5. gr. varðandi tekjumörk verða afturvirkar frá 1. janúar 2017.

7. gr.

Breytingar þessar voru samþykktar af velferðarráði Reykjavíkurborgar þann 18. maí 2017 og af borgarráði þann 8. júní 2017 og taka gildi 1. júlí 2017.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 27. júní 2017.

Sigurður Björn Blöndal e.u.

B-deild – Útgáfud.: 29. júní 2017